

Reykjavík, 23. ágúst 2013

Eyrir Invest gerir tilboð í skráð skuldabréf félagsins á Nasdaq OMX Iceland

Hinn 15. maí 2013 tilkynnti Eyrir Invest til Nasdaq OMX Iceland sölu eigna á verðbréfamarkaði. Tilkynningarskylda var á þeirri sölu. Tilgangur sölunnar var að styrkja fjárhagsstöðu og auka sveigjanleika í rekstri. Jafnframt var tilkynnt að félagið hygðist borga upp fjárskuldbindingar á gjalddaga á næstu tveimur árum, m.a. hygðist félagið greiða upp skuldabréfaflokkinn EYRI 11 1 samkvæmt skilmálum flokksins og í framhaldinu afskrá þann flokk af verðbréfamarkaði.

Eyrir Invest er með mikið fé bundið hjá Glitni og dótturfélagi þess, Haf-funding. Eyrir Invest hefur náð samkomulagi við Haf-funding um uppgreiðslu láns og samhliða því losun á fjármunum. Lánið hjá Haf-funding var upphaflega tekið árið 2007 og er með lokagjalddaga í desember 2013. Lánið er í fullum skilum og hefur meginhluti höfuðstóls þegar verið greiddur. Þar sem um lán í evrum að ræða þarf formlegt samþykki Seðlabanka Íslands fyrir uppgreiðslu fyrir gjalddaga, en Seðlabanki Íslands veitir undanþágur frá ströngum fjármagnshöftum sem gilda á Íslandi. Þann 16. maí 2013 sendi Eyrir Invest erindi til Seðlabanka með beiðni um undanþágu til uppgreiðslu umrædds láns í samræmi við samkomulag við lánveitanda. Heimild hefur enn ekki fengist.

Eyrir Invest hyggt eftir sem áður greiða upp flokkinn EYRI 11 1 í samræmi við skilmála bréfanna og afskrá skuldabréfin úr kauphöll í kjölfarið.

Frekari upplýsingar;

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyrir Invest.

Sími: 525-0200

www.eyrir.is

Um Eyrir Invest

Eyrir er alþjóðlegt fjárfestingarfélag sem leggur ríka áherslu á virka þátttöku í rekstri og stefnumörkun lykileigna sinna. Kjölfestueignir Eyrir eru 29% hlutur í Marel og 17% hlutur í iðnfyrirtækjunum Fokker Technologies og Stork Technical Services. Að auki fjárfestir Eyrir í spennandi sprotum og styður þá til vaxtar í gegnum fjárfestingarfélagið Eyrir sprotar. „Kaupa og styðja til vaxtar“ stefna Eyrir hefur skilað góðri ávöxtun frá stofnun félagsins um mitt ár 2000.

Athygli fjárfesta er vakin á eftirfarandi

Sumar staðhæfingar í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu hennar. Í eðli sínu fela slíkar staðhæfingar því í sér óvissu. Við vekjum þess vegna athygli fjárfesta á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í þessari tilkynningu. Tilkynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.